



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

ÁRSSKÝRSLA 2023





Ársskýrsla 2023

© Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 2024

Umbrot: María Harðardóttir.

Ljósmynd á forsiðu: Rauðakúla í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Ljós. Þorsteinn Narfason.

Rafræn pdf-útgáfa á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, www.hev.is

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK	4
STARFSEMI	7
EFTIRLIT	13
FJÁRMÁL	22



FORMÁLI

Hlutverk heilbrigðisnefndar er að framfylgja hinum ýmsum lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu og eftirliti heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðisfulltrúar vinna í umboði nefndarinnar og má segja að þeir séu framlengdur armur hennar á vettvangi. Hjá embættinu voru 4,3 stöðugildi árið 2023 og tókst því ekki að fullmanna eftirlitið sem hefur svigrúm til að ráða fimm starfsmenn. Eftirlitsskyld fyrirtæki eru 913 en eftirlitsskyldir staðir eru 1190. Heilbrigðiseftirlitið náði að sinna 94% af lögbundnu eftirliti sem er þó nýtt met.



Kristinn Hallur Sveinsson.

Það er gaman að segja frá því að eftirlitsferðum yfir árið er að fjölga en skráðum frávikum að fækka og jafnframt er fjöldi fyrirtækja sem fær engar athugasemdir að fjölga. Þetta gæti verið mælikvarði á að árangur sé að nást.

Á árinu var lögð fram skýrsla umhverfisráðherra þar sem boðar eru breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits og tillaga sett fram um að færa heilbrigðiseftirlitið til ríkisins, þess má geta að skýrslan var ekki unnin í samráði við sveitarfélögin í landinu. Á sama tíma hefur ráðherra kynnt að ekki verði farið í þessar breytingar ef sveitarfélögin vilja það ekki.

Nú liggur fyrir í Samráðsgátt matvælaáætlun matvælaráðherra þar er gert ráð fyrir að allt matvælaeftirlit verði fært til ríkisins. Að mínu mati er heilbrigðiseftirliti betur fyrir komið í héraði þar sem hægt er að byggja upp staðþekkingu og tengsl sem auðvelda samskipti og úrvinnslu á þeim málum sem kunna að koma upp. Ég vil leggja á það áherslu að markmið heilbrigðiseftirlits er að tryggja almenningi heilnæm matvæli og umhverfi og verkefni oft á tíðum að setja kröfur á fyrirtæki sem snúa að því. Eftirlitsgjöld eru hófleg og eftirlit ætti ekki að vera íþyngjandi fyrir flest fyrirtæki eins og það er rekið í dag. Gjaldskrá er endurskoðuð árlega og reynt eins og kostur er að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og ábendinga sem berast.

Á sama tíma er heilbrigðiseftirlitið sveigjanlegt þegar kemur að alvarlegum málum og getur á augabragði sett allan þungann á þau viðfangsefni sem þarf að leysa úr hvort sem um er að ræða hópsýkingar, mengunarslys, myglu í skólum eða hvað annað sem þarf hraða úrlausn. Sveitarfélög eiga alltaf greiðan aðgang að slíkri þjónustu þegar mikið liggur við.

Ég legg á það áherslu að heilbrigðisnefnd stendur ekki í vegi fyrir breytingum eða samræmingu á verklagi en telur að enginn trygging verði fyrir því að eftirlitið muni batna eða að kostnaður muni lækka við það að færa það til ríkisins. Miklu nær hefði verið að bæta núverandi rekstur eins og menn telja þörf á og heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa lagt til. Samræming eftirlits er á ábyrgð ríkisins og því mikilvægt að tryggja að nægt fjármagn sé til að sinna henni.

Það er lögð mikil áhersla af ráðuneytunum á að samræma eftirlit þannig að það sé eins um allt land. Á sama tíma verða menn að skilja að eftirlitið er framkvæmt af fólki með ólíka menntun og reynslu. Þessir aðilar þurfa því að taka matskenndar ákvarðanir þar sem lög eru almennt ekki skýr og þó svo að sama verklagi sé fylgt um um allt land þá líkt og tveir dómáramur eru ekki endilega sammála í dómi, er ekki tryggt og verður ekki tryggt að niðurstaða eftirlits sé alltaf sú sama heldur aðeins að niðurstaðan er í samræmi við þá löggjöf sem er unnið eftir.

Flest sveitarfélög á starfssvæðinu hafa óskað eftir aðkomu heilbrigðiseftirlits vegna tiltektar á lóðum og lendum ýmist á landi sveitarfélaga eða einkalandi. Löggjöf og heimildir eru nokkuð skýrar hvað þessi mál varðar að heilbrigðiseftirlitið getur beitt sér í þessum málum. Það er þó svo að á meðan ekki næst að fara í allt lögbundið eftirlit hefur eftirlitið ekki treyst sér til að taka mörg mál að sér því þau geta verið bæði flókin og tímafrek. Þess má geta að bæði á Suðurlandi og á Suðurnesjum hafa sveitarfélögin um árabíl kostað sérstakan starfsmann hjá heilbrigðiseftirlitinu til að sinna tiltektarmálum og hefur það gefist vel en kostnaður við slíkan aðila er um 15 milljónir ef unnt er að samnýta bílakost eftirlitsins. Með slíkan aðila gæti heilbrigðiseftirlitið vissulega betur uppfyllt þarfir sveitarfélaga í tiltektarmálum og ef áhugi er á mætti líta á verkefnið sem tímabundið til reynslu.

Ég vil nota tækifærið hér og þakka öllum sem hlut eiga að máli, starfsmönnum, nefndarmönnum og sveitarfélögum fyrir gott samstarf.

Úr skýrslu stjórnar, erindi flutt af Kristni Halli Sveinssyni formanni heilbrigðisnefnar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, haldinn á Hótel Hamri, Borgarbyggð, 20. mars 2024.



STJÓRNSKIPAN OG HLUTVERK


Í landinu eru níu heilbrigðiseftirlitssvæði sem sjá um að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Einnig ákvæðum reglugerða sem settar eru með stoð í þessum lögum, heilbrigðissamþykktum og sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er staðbundið stjórnvald sem heyrir undir heilbrigðisnefnd á hverjum stað. Heilbrigðisnefndir byggja ákvarðanir sínar á framangreindri löggjöf og eru ákvarðanir þeirra fullnaðarákvarðanir í stjórnsýslunni.

Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlitsins, stofnana og ráðuneyta má sjá á skýringarmynd á næstu blaðsíðu. Matvælastofnun (MAST) hefur yfrumsjón með matvælaeftirliti og heyrir málaflókurinn undir matvælaráðuneytið. Til viðbótar má nefna að Eftirlitsstofnun Evrópu EFTA hefur ytra eftirlit með MAST og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun (UST) hefur yfrumsjón með málum sem tengjast hollustuháttum, mengunarvörnum og vöktun og heyrir þeir málaflókkar undir umhverfis- og orku- og loftslagsráðuneyti. Formenn og framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða sitja í Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) sem fjalla m.a. um samræmingu og stefnumótun málaflóksins.



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað árið 1999 af sveitarfélögum á Vesturlandi. Árið 2023 er því 25. starfsár stofnunarinnar. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að vinna í almannabágu með því að framfylgja lögum og reglugerðum sem heyra undir stofnunina, m.a. með því að tryggja:

- Heilnæmi matvæla, með vöktun við framleiðslu, dreifingu og flutningi, merkingu og sölu matvæla.
- Viðhalda reglubundnu eftirliti með mengandi starfsemi, s.s. með kröfu um bættar mengunarvarnir þar sem við á.
- Eftirlit með öryggi og hollustuháttum þar sem almenningur sækir þjónustu.
- Aðstöðu og sóttvarnir þar sem unnið er að persónulegri þjónustu, s.s. á tannlæknastofum, snyrtistofum og þess háttar starfsemi.
- Skoðun á íbúðarhúsnæði m.t.t. hvort það er heilsusamlegt.
- Tryggja að leikvellir og leikvallatæki uppfylli staðla og kennsluhúsnæði sé öruggt og heilsusamlegt.
- Fræðslu á sviði heilbrigðiseftirlits. Unnið er í samvinnu við stjórnvöld og íbúa að því að uppfylla markmið laga og reglugerða.
- Vöktun neysluvatns, yfirborðsvatns í ám og vötnum og strandlengjunnar, s.s. vegna fráveitu.



Fyrirkomulag stjórnsýslu heilbrigðiseftirlits, stofnana og ráðuneyta. Punktalína táknar samvinnu stofnana.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands heldur úti vefsetrinu www.hev.is, þar sem nálgast má upplýsingar um starfsemi eftirlitsins.



Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Yfirlit yfir aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands sem tóku sæti eftir kosningar 2022 er í 1. töflu. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hélt átta formlega fundi árið 2023, auk þess var aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands haldinn í mars á Hótel Hamri, Borgarbyggð. Í maí hélt heilbrigðisnefnd fræðslufund fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsfólk sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn var haldinn á Hótel Stykkishólmi. Fundargerðir eru aðgengilegar á [vef eftirlitsins](#).

1. tafla. Aðal- og varamenn í Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Aðalmaður	Sveitarfélag/staða	Varamaður	Sveitarfélag
Kristinn Hallur Sveinsson, formaður	Akranes	Pórunn Kjartansdóttir	Akranes
Auður Kjartansdóttir, varaformaður	Snæfellsbær	Eiríkur Rúnarsson	Snæfellsbær
Birkir Snær Guðlaussón	Hvalfjarðarsveit	Inga María Sigurðardóttir	Hvalfjarðarsveit
Sigrún Ólafsdóttir	Borgarbyggð	Guðrún Kristjánsdóttir	Borgarbyggð
Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir	Grundarfjörður	Bjarni Sigurbjörnsson	Grundarfjörður
Trausti Gylfason	Fulltrúi atvinnulífs	Sigríður Margrét Guðmundsdóttir	
Skúli Hreinn Guðbjörnsson	Fulltrúi náttúruverndarnefnda á Vesturlandi	Garðar Freyr Vilhjálmsson	

STARFSEMI

Rekstur

Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins sjá um daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins og vinna þeir í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.m.t. að sinna reglubundnu eftirliti og að beita þvingunarúrræðum þegar við á. Árið 2023 voru 4,3 stöðugildi en heimild fyrir fimm stöðugildum. Fastráðnir starfsmenn árið 2023 voru:



Árni Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi. Lét af störfum í lok nóvember.



Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi



Rannveig Rögn Leifsdóttir heilbrigðisfulltrúi




Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri

Eftirtaldir starfsmenn voru tímabundið við störf á árinu:

Pavle Estrajher, frá september 2023 til ársloka.

Páll Einarsson var í tímabundnu hlutastarfi.

Gjöld voru innheimt af fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá nr. 1356/2022 fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Eftirlit fór fram í samræmi við eftirlitsáætlun en tíðni eftirlits er breytileg milli fyrirtækja eftir áhættuflokkun. Að auki eru farnar eftirlitsferðir vegna sýnatöku, vegna eftirfylgni krafna sem settar hafa verið fram, vegna kvartana og til skoðunar umgengni á lóðum og skoðunar á íbúðarhúsnæði sem íbúar telja ekki heilsusamlegt.



Fjöldi starfsleyfisskyldra fyrirtækja á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fjöldi stöðugilda árin 2020–2023.

Alls eru 913 starfsleyfisskyld fyrirtæki á skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands sem er aukning um sjö fyrirtæki frá fyrra ári. Á bak við hvert fyrirtæki getur verið margþætt starfsemi sem hver um sig telur sem eftirlitsskyldur staður. Sé horft til þess eru 1190 eftirlitsskyldir staðir á skrá á Vesturlandi. Matvælafyrirtæki eru 382 og eru vatnsveitur þar af 86 talsins. Heilbrigðiseftirlitið hefur einnig eftirlit með fyrirtækjum sem ekki eru starfsleyfisskyld, t.d. vegna laga um tóbaksvarnir, og einnig með tímabundinni starfsemi, s.s. niðurrifi húsa.

Heilbrigðiseftirlitið hefur þjónustusamning við ICT InfoCom Tec Iceland ehf. um rekstur eftirlitsgagnagrunns. Grunnurinn heldur utan um alla eftirlitsskylda starfsemi, eftirlitsskýrslur, kvartanir og önnur samskipti. Þá minnir forritið sjálfkrafa á ef starfsleyfi eru að renna út eða ef frestir til úrbóta eru útrunnir, sem sparar mikinn tíma fyrir eftirlitsaðila. Mikil ánægja er með gagnagrunninn sem er hagkvæmur og sveigjanlegur.

Keyptir voru tveir rafmagnsbílar á árinu í samræmi við stefnu Heilbrigðisnefndar Vesturlands um að minnka umhverfisáhrif af starfseminni. Fyrir á heilbrigðiseftirlitið einn rafmagnsbíl.

Um rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gildir samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem var staðfest á aðalfundi 2021.



Fundir

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitsvæða héldu reglulega símafundi með forstjóra Matvælastofnunar og forstjóra Umhverfisstofnunar. Einnig voru reglubundnir fundir í þemahópum þessara stofnanna á árinu, þ.e. hópi um matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfisgæði.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa stóð fyrir fræðsluferð til Hässleholm í Svíþjóð þar sem heilbrigðiseftirlit staðarins var heimsótt. Framkvæmdastjóri tók þótt í ferðinni ásamt fjölmörgum heilbrigðisfulltrúum víðsvegar af landinu.

Vorfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) með stofnunum og ráðuneytum var haldinn á Flúðum. Fundurinn er samráðsvettvangur þessara aðila.

Heilbrigðisnefnd stóð fyrir vel sóttum fundi á Stykkishólmi um fráveitumál fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmið fundarins var að opna umræðu um mögulegar lausnir í fráveitumálum.

Embætti landlæknis heldur mánaðarlega fundi með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og MAST til að fara yfir stöðu mála varðandi matarborna sjúkdóma/matareitranir sem upp hafa komið í landinu og er fundurinn samráðsvettvangur þessara aðila.

Stjórnsýsla

Útgefin starfsleyfi árið 2023

Alls voru 100 starfsleyfi gefin út á árinu 2023. Það eru færri starfsleyfi en undanfarin ár þar sem gefin eru út ótímabundin starfsleyfi á matvælasviði eftir breytingu á matvælalögum og svo hefur hluti rekstrar færst í skráningu sbr. umfjöllun hér að aftan.

Útgefin starfsleyfi árin 2018–2023.

Flokkur	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Matvælasvið	20	17	61	88	38	33
Hollustuhátta svið	107	114	64	46	47	45
Mengunarvarnir	39	22	41	46	32	22
Alls	166	153	166	180	117	100



Starfsleyfismál Hvals hf. voru nokkuð fyrirferðarmikil á árinu. Umsókn um endurnýjað starfsleyfi barst heilbrigðisnefnd 3. júní 2022. Samhliða sótti félagið um tímabundna framlengingu á gildandi starfsleyfi sem gildi til 12. júlí 2022. Nefndin ákvað að framlengja starfsleyfið til þess tíma er nýtt starfsleyfi tæki gildi eða til 1. maí 2023. Nýtt starfsleyfi var auglýst þann 12. maí og rann frestur til athugasemda út þann 9. júní, um 35 athugasemdir bárust við starfsleyfið og var þeim svarað. Flestar byggðust á þeim misskilningi að starfsleyfið fæli í sér leyfi til hvalveiða en nokkrar breytingar voru gerðar á grundvelli athugasemda. Þann 26. maí 2023 fór Hvalur hf. fram á endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar á grundvelli 24. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 þar sem forsendur ákvörðunar fyrir tímalengd starfsleyfis hefðu breyst. Við framlengingu var gengið út frá því að nýtt starfsleyfi yrði tilbúið fyrir næstu hvalavertíð. Á vinnslutíma leyfis gerði heilbrigðiseftirlitið kröfur um ýmsar úrbætur frá gildandi starfsleyfi einkum á mengunarvörnum. Jafnframt var í eftirlitsskýrslu dagsett 9. júní 2022 kallað eftir mælingum á fráveitu vinnslunnar til að unnt væri að meta kröfur til hreinsunar á fráveituvatni. Þessar mælingar voru gerðar og í kjölfarið settur upp hreinsibúnaður, auk þess sem öðrum úrbótum var sinnt. Nefndinni var ljóst að útgáfa starfsleyfis var tímafrekari en ráð var fyrir gert og sú ákvörðun að nýta ekki fulla heimild í lögum nr. /1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um framlengingu í fullt ár fóli í sér íþyngjandi ákvörðun gangvart umsækjanda sem fyrirsjáanlega yrði án starfsleyfis í upphafi vertíðar. Þar sem svona stóð á og nýjar upplýsingar voru fram komnar um úrbætur á starfsemiinni féllst nefndin á að endurupptaka mál Hvals hf. með vísan til meðalhófsreglu stjórnáskýrslulaga og framlengja starfsleyfið fram til þess tíma er nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þá ekki lengur en til 12. júlí 2023, sem er lögbundið hámark framlengingar. Nýtt starfsleyfi fyrir starfsemi Hvals hf. á Litla sandi var gefið út þann 11. júlí 2023.

Erindi barst frá Líflandi þar sem óskað var eftir að heilbrigðisnefnd taki upp fyrri ákvörðun um að ekki sé unnt að afgreiða starfsleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Málinu var vísað frá þar sem meira en ár er liðið frá því að Líflandi var tilkynnt um ákvörðun heilbrigðisnefndar að vísa málinu frá með tilvísun í 24. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993.

Í nóvember 2022 tók í gildi ný reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur sem felur í sér breytingu fyrir tiltekinn hóp fyrirtækja sem eiga, í stað þess að sækja um starfsleyfi, að skrá sig á island.is. Reglugerðin er gefin út í nafni einföldunar eftirlits, en hefur leitt til þess að gera hlutina margfalt tímafrekari og flóknari fyrir rekstraraðila og eftirlitsaðila þó segja megi að hugmyndin um rafræna stjórnáskýrslu sé vissulega góð. Helstu gallar við reglugerðina eru að eftir að fyrirtæki skrá starfsemi sína hefur eftirlitsaðili örstuttan tíma til að bregðast við og staðfesta skráningu eða hafna. Útgefin vottorð eru gölluð en eftirlitsaðili hefur ekkert um þau að segja þar sem útgáfan liggur hjá Umhverfisstofnun og því koma tvö stjórnvöld nú að einföldu leyfisveitingaferli. Eftirlitið kemur eftir á og mögulegar kröfur



koma því í bakið á rekstraraðilum. Kostnaðurinn er sá sami en þó er mun tímafrekara fyrir eftirlitsaðila að afgreiða skráningu þar sem handfæra þarf allar upplýsingar milli kerfa, þrátt fyrir fögur loforð um að það eigi að gerast sjálfkrafa. Margs konar hnökrar hafa verið á innleiðingu reglugerðarinnar og boðuð tækni sem átti að flytja skjöl inn í eftirlitskerfi viðkomandi eftirlitsaðila hefur ekki komið. Fyrirtækjaflokkar með umfangsmikla starfsemi og háa áhættu s.s. vegna mengunar eru sett í skráningu þegar eðlilegra væri að þau fengju það aðhald sem fylgir starfsleyfisskilyrðum, þar má til dæmis nefna fiskvinnslur og steypustöðvar. Þá er ógagnsætt hvaða gögn eru send úr kerfinu í nafni embættisins. Þetta er reglugerð sem vinnur á móti tilgangi sínum og flækir hlutina hjá embættinu.

Á árinu 2023 voru unnin starfsleyfi fyrir opin leiksvæði eftir því sem umsóknir bárust og var þessari vinnu ekki lokið í árslok. Þá er einnig ólokið vinnu við að kortleggja efnislosunarstaði og námur sem og að gefa út starfsleyfi fyrir nokkrar fráveitur.


Skýrsla starfshóps Umhverfisráðherra til að móta tillögur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum var kynnt í nóvember. Samtök heilbrigðiseftirlitsvæða á Íslandi sendu frá sér bókun í kjölfarið og tók Heilbrigðisnefnd Vesturlands undir bókunina og vísaði málinu í framhaldi til stjórnar SSV og Kjósarhrepps til umfjöllunar.

Kvartanir

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands bárust alls 58 kvartanir árið 2023. Algengast var að kvartað væri yfir úrgangsmálum (5), umgengni (6) og hávaða (9). Þá var einnig kvartað yfir slysavörnum, neysluvatni, mengun yfirborðsvatns, meðhöndlun matvæla og aðskotahlutum í matvælum.

Eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi

Farnar voru 603 eftirlitsferðir á árinu 2023 og náðist að fara í 94% af öllu lögbundnu eftirliti. Fyrir liggur heimild um fimm stöðugildum sem ættu að bæta þessa stöðu. Í einni eftirlitsferð þarf að sinna margþættu eftirliti hjá samsettri starfsemi. Sem dæmi þá þarf að taka út húsnæði, mötuneyti og leikvallatæki í eftirliti með leikskóla en þetta telur eina eftirlitsferð.




Fjöldi eftirlitsferða árin 2018–2022 og fjöldi stöðugilda.



Beiting þvingunarúrræða

Í eftirlitsferðum ársins 2023 voru skilgreind 611 frávik þar sem fyrirtækjum var gefinn frestur til úrbóta. Heilbrigðisnefnd getur beitt tilteknum þvingunarúrræðum til þess að knýja á um framkvæmd í samræmi við lög um matvæli og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þeim aðilum sem ekki sætta sig við kröfur heilbrigðiseftirlits er heimilt að vísa málum til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Nefndinn barst kæra frá Rétti f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands þann 27. júlí 2023 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðisnefndar Vesturlands að veita viðbótarfrest til handa Hval hf. vegna frávíka. Úrskurðarnefndin vísaði kærinni frá þar sem Náttúruverndarsamtök Íslands nýtur kærueðildar og ekki að finna lagagrundvöll fyrir kæruehimild náttúruverndarsamtaka í lögum nr. 7/1998.



Fjöldi frávíka eftir árum 2019–2023.

Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns og tímabundin áfengisveitingaleyfi

Heilbrigðiseftirlitið er umsagnaraðili um rekstrarleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi, sem gefin eru út af sýslumanninum á Vesturlandi. Svo virðist sem ekki sé enn komið jafnvægi á þjóðfélagið eftir covid-faraldurinn ef horft er á fjölda umsagna um nýja gististaði.

Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns 2018–2023.

Umsagnir um rekstrarleyfi:	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Veitingastaðir	32	27	11	11	11	14
Gististaðir	44	46	34	30	16	22
Tímabundinn áfengis- og tækifærisleyfi	38	42	22	8	30	41
Alls	114	115	67	49	57	77

Umsagnir um skipulagsmál

Gefnar voru 34 skriflegar umsagnir til sveitarfélaga og annarra yfirvalda vegna skipulags- og byggingamála og starfsleyfa. Það virðist skorta leiðbeiningar til hönnuða um hvað þurfi að koma fram á skipulagsuppráttum er varðar hollustuhætti og mengunarvarnir því oft er verið að gera athugasemdir við sömu atriðin ár eftir ár en það er þó ekki algilt.



EFTIRLIT

Samþykktir sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlitið fer með eftirlit samkvæmt samþykktum sveitarfélaga sem eru sett með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta eru m.a. samþykktir um bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds auk samþykktar um meðferð úrgangs og skólps. Heilbrigðisnefnd semur drög að nýjum samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem leggur fyrir ráðherra til samþykktar. Í Snæfellsbæ og Grundarfirði voru nýjar samþykktir staðfestar um meðhöndlun úrgangs í árslok. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að innheimta gjald af sveitarfélögunum fyrir veitta þjónustu vegna eftirlits með framkvæmd samþykktar sveitarfélaga eftir gildandi gjaldskrá. Yfirlit yfir gildandi samþykktir er aðgengilegt á vefsvæðum sveitarfélaganna. Á aðalfundi 2020 var samþykkt að heilbrigðiseftirlitið myndi vinna að gerð sameiginlegrar samþykktar um hundahald, því miður hefur ekki gefist tími til að ljúka þessu verkefni þar sem lögbundið eftirlit hefur haft forgang. Vonast er til að unnt sé að ljúka þessu fljótlega.




Vöktun neysluvatns

Eftirlit með vatnsveitum fer fram með sýnatöku á neysluvatni auk þess sem vatnsverndarsvæði og mannvirki eru skoðuð þegar tök eru á. Samtals voru tekin 185 sýni úr vatnsveitum, þar af 45 í stærri vatnsveitum og 140 í minni vatnsveitum. Í stærri vatnsveitum stóðust 42 sýni en þrjú féllu. Í minni vatnsveitum stóðust 122 sýni en 18 féllu. Þar sem vatn er geislað reyndust 30 sýni uppfylla kröfur en fimm féllu. Þar sem vatn kemur úr borholu reyndist 31 sýni uppfylla kröfur en tvö féllu.

Fjöldi sýna úr neysluvatni árin 2018–2023.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi sýna úr neysluvatni	112	115	68	159	178	185



Samanburður á gæðum vatns eftir stærð vatnsveitna vegna sýna tekin 2023.

Þó svo að neysluvatns standist gæðakröfur er ekki endilega víst að vatnsbólíð sé gott, þar sem sýnataka sýnir ástandið þegar sýnið er tekið. Ef vatnsbólíð er lélegt er líklegt gæðin myndu falla við slíkar aðstæður. Ástand lítilla vatnsveitna þarfnast nánari skoðunar þar sem of hátt hlutfall er með gallað vatn.

Árleg heildarúttekt á neysluvatni fór fram í 14 vatnsveitum þéttbýlanna á Akranesi, Borgarbyggð, Dalabyggð, Stykkishólmi, Grundarfirði, Snæfellsbæ og Hvalfjarðarsveit. Í heildarúttekt er skimað fyrir hinum ýmsu efnum sem getið er í viðauka reglugerðar um neysluvatn þar sem sett eru hámarksgildi fyrir þau. Rannsókn sýnanna fer fram á rannsóknarstofu í Svíþjóð. Niðurstöður gáfu ekki tilefni til athugasemda.

Þrjú sýni voru tekin á Akranesi til að mæla asbest í neysluvatni og voru sýnatökustaðir valdir með tilliti til þess að vatn hafði runnið sem lengst í asbestlögnum. Sýnin voru send til greiningar á rannsóknarstofuna í Svíþjóð en ekkert asbest mældist í sýnunum. Sýnin voru tekin í kjölfar kvörtunar um að fyrri sýnataka hafi ekki verið gerð með nógu litlum greiningarmörkum og voru greiningarmörk því aukin. Bent hefur




verið á að asbestlagnir eru víða orðnar gamlar og að möguleiki sé að asbest geti borist inn í lagnir ef þær gefa sig. Samkvæmt gögnum Alþjóðamatvælastofnunarinnar hefur þó ekki verið sýnt fram á að aukin tíðni sé á magakrabbameinum þar sem drykkjarlagnir eru úr asbesti. Nauðsynlegt er að endurnýja lagnir samhliða því að götur eru endurnýjaðar.

Árið 2023 var áfram unnið með áhættumatskerfi fyrir vatnsveitur. Verkefnið var upphaflega þróað í samvinnu við nokkur heilbrigðiseftirlitssvæði og Vatnaverkefni Háskóla Íslands og er búið að setja upp áhættumatspurningar fyrir lindarbrunna, borholur og grafna brunna. Algengustu áhættuþættir sem komið hafa í ljós í litlum vatnsbólum er að þau eru ekki aðgengileg (t.d. niður grafín), yfirfallsrör vantar á vatnstökubrunn, dýraskítur fannst í næsta nágrenni við vatnsból og að meindýr gátu mögulega komist í vatnsból. Það síðastnefnda átti til dæmis við ef músanet vantaði á útloftun. Ef brunnar sitja of neðarlega í landinu geta einnig við vissar aðstæður verið hætta á að ofanvatn komist í brunninn, t.d. í leysingum. Einnig er algengt að vatnsból séu ógirt, en gerð er krafa um í neysluvatnsreglugerð að brunnsvæði sé afgirt með að lágmarki girðingu með 5 m rás frá brunni. Stefnt er að því að áhættumeta öll vatnsból á svæðinu og fá þannig upplýsingar hönnun og byggingu þeirra. Jafnframt að setja upp áhættumatsspurningar fyrir grafna brunna.

Hollustuhættir

Sundstaðir – sýnataka úr baðvatni

Tekið var 51 sýni úr baðvatni árið 2023. Um að ræða sundlaugarvatn þar sem gilda strangar kröfur um sótthreinsun baðvatnsins og svo baðstaði í náttúrunni þar sem leyfilegur gerlaföldi er talsvert hærri. Í sundlaugum stóðust 30 sýni gæðakröfur reglugerðar um sund og baðstaði en 21 féll, sem er óvenjuhátt hlutfall sýna sem fellur. Rekstraraðilar fengu upplýsingar um niðurstöður þegar þær lágu fyrir og í þeim tilvikum sem sýni féll, var þeim gert að bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum, sem felur í sér bætta hreinsun á sundlaugarvatninu. Niðurstöðurnar sýna að full ástæða er að taka sýni úr baðvatni samhliða reglubundnu eftirliti. Skimað var fyrir *Pseudomonas aeruginosa* þegar lítill eða enginn klór var í laugum. Tekin voru níu slík sýni og fannst bakterían í þremur tilvikum. Bakterían getur verið skæð og getur valdið eyrnasýkingum, sárasýkingum og þvagrásýkingum.



Niðurstöður rannsókna á sýnum teknum úr sundlaugarvatni og náttúrulaugum árið 2023.

Baðvatn í náttúrulegum er ómeðhöndlað og yfirleitt ekki vaktað nema um hefðbundinn rekstur sé að ræða á staðnum. Gæði baðvatns geta verið mismunandi á þessum stöðum allt eftir umgengni, álagi og áhrifum náttúrulegra þátta á laugarnar. Tekið var 21 sýni í náttúrulegum baðstöðum, 15 sýnanna stóðust gæðakröfur í reglugerð um baðstaði í náttúrunni en sex sýnanna féllu. Skimað var fyrir *Pseudomonas aeruginosa* sem fannst í einu sýnanna. Fólk sem sækir náttúrulega baðstaði þar sem ekki er heimilt að sótthreinsa baðvatn með klór er í aðstæðum þar sem talsverð áhætta er á sýkingu og sömuleiðis er ekki gerð sama krafa til hæfni starfsfólks og getu til að bjarga sundgestum og er í reglugerð um sund- og baðstaði. Að mati heilbrigðiseftirlits er þetta kolröng stefna og mikilvægt að reglugerð um baðstaði í náttúrunni verði breytt og manngerðar laugar sem nýttar eru til afþreyingar, s.s. á ferðamannastöðum, séu skyldaðar til að sótthreinsa baðvatn með sama hætti og sundstaðir enda engin rök til þess að heimila háar gerlatölur með tilheyrandi sjúkdómsáhættu fyrir gesti. Sömuleiðis ættu að gilda sömu kröfur og í sundlaugum um hæfni sundlaugarvarða.

Til fróðleiks er bent á [handbók Umhverfisstofnunar um sund- og baðstaði](#) en þetta leiðbeiningarit er nauðsynlegt fyrir þá sem starfa við sund- og baðstaði.

Eftirlit með húsnæði

Almenningur hefur rétt til að kalla heilbrigðiseftirlitið til ef grunur er um að leiguhúsnæði og annað íbúðarhúsnæði sé heilsuspillandi og á hverju ári er farið í nokkrar slíkar heimsóknir. Helstu ástæður fyrir raka og myglu í húsum geta verið af ýmsum toga. Oftast er um að kenna lélegri loftræstingu þar sem loftun er gölluð, gluggar eru of litlir eða ekki opnaðir, ofnar bilaðir, loftræstikerfi er ekki til staðar eða bilað eða húsnæðið er ekki samþykkt til búsetu, t.d. með gluggalausum rýmum. Heilbrigðiseftirlitið er ágætlega tækjum búið til að taka að sér slíka úttekt. Á vef Umhverfisstofnunar er að finna [leiðbeiningar um raka og myglu og leiðbeiningar um veggjalús](#).



Umhverfiseftirlit

Löggjöf á sviði umhverfismála á uppruna sinn í Evrópulöggjöf sem hefur verið innleidd í íslenska löggjöf það á þó ekki við um náttúruverndarmál þar sem séríslensk löggjöf gildir. Þannig hefur t.d. vatnatilskipun Evrópubandalagsins verið innleidd á Íslandi í lögum um stjórn vatnamála. Evróputilskipun um fráveitumál eru í endurskoðun og er útlit fyrir að kröfur verði hertar um hreinsun fráveituvatns í sveitarfélögum, þessar reglur munu taka gildi á Íslandi þegar fram líða stundir.

Fráveita í þéttbýli

Á Akranesi og í Borgarnesi sjá Veitur um rekstur fráveitukerfis fyrir þéttbýlið. Í hreinsivirki á sér stað grófhreinsun og fituskiljun á skólpi áður en því er dælt út í sjó. Á þessum stöðum eru eigið eftirlit með hreinsun og eins er eftirlit í viðtaka. Í miklum rigningarveðrum og þegar viðhald á kerfinu á sér stað er skólpi veitt um yfirfall í viðtaka, án þess að hreinsun eigi sér stað. OR vatns og fráveitur, sem er rekstraraðili fráveitu á Akranesi, tilkynnti um rekstrartruflanir vegna fitu sem er að valda miklum vandræðum inni í hreinsistöðinni og töldu þau að rekja mætti vandræðin þar sem ófullnægjandi hreinsun á fráveitu væri hjá fyrirtæki í bænum. Heilbrigðiseftirlitið óskað í kjölfarið eftir að fyrirtækið gerði mælingar á fráveituvatninu og fékkst þá staðfest að hreinsibúnaður var ekki að vinna eins og til var ætlast. Í kjölfarið var ráðist í úrbætur innan fyrirtækisins og var ekki búið að leysa það mál í árslok. Starfsleyfi fyrir hreinsistöðinni á Ægisbraut gildir fyrir 50 þúsund persónueiningum af skólpi en það er mat Veitna að með þessu álagi frá fyrirtækinu sé skólpið 90 þúsund persónueiningar og að hreinsstöðin anni ekki álaginu þannig að hleypa þurfi óhreinsuðu skólpi í sjó hlutfallslega of oft.

Akraneskaupstaður óskað eftir því við Umhverfisstofnun að viðtaki skólpveitunnar yrði skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki á grundvelli fyrirliggjandi ganga. Umhverfisstofnun gaf í framhaldi út í júní að ráðast þurfi í frekari vöktun á gæðapáttum í viðtaka á árinu og stofnunin muni á grundvelli nýrra gagna meta hvort viðtakinn sé síður viðkvæmur eða ekki.



Meðhöndlun á skólpi fellur undir reglugerð um fráveitur og skólpi nr. 798/1999 en þessi reglugerð er búin að vera um langt skeið í endurskoðun hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Heilbrigðiseftirlitið skilar reglulega inn upplýsingum um ástand fráveitu og magn fráveituvatns til Umhverfisstofnunar, sem tekur saman skýrslu annað hvert ár. Skýrsla kom út á árinu með upplýsingum fyrir árið 2021. Í skýrslunni er fjallað um ástand fráveitumála þar sem eru 2000 persónueiningar eða meira magn af skólpi. Á Vesturlandi fellur Ólafsvík og Stykkishólmur í þennan stærðarflokk en þar er engin hreinsun á skólpi, sem er ekki í samræmi við framangreinda reglugerð og skólpi. Heilbrigðisnefnd er með málið til skoðunar.

Fráveita í dreifbýli

Lífærnar hreinsistöðvar eru reknar af Veitum að Varmalandi, í Reykholti, á Bifröst og á Hvanneyri. Að öðru leyti er fráveita flestra húsa í dreifbýli á Vesturlandi tengd við rotþró og siturlagnir. Meðhöndlun skólps með þeim hætti telst vera tveggja þrepa hreinsun, þegar hvoru tveggja er til staðar þ.e. rotþró og siturlögn. Ákveðin felling á föstum efnum og aðskilnaður fitu á sér stað í rotþró, en siturlögnin sér um niðurbrot baktería. Til að búnaðurinn virki rétt er mikilvægt að tæma hann reglulega annað til þriðja hvert ár. Sveitarfélög hafa samning við tæmingaraðila sem sjá um þessi mál.

Það hefur færst í aukana að aðilar velji að setja lífrænar hreinsistöðvar í stað rotþróa og siturlagna og er slíkur búnaður mun hæfari til að brjóta niður lífræn næringarefni. Eftir sem áður virðist fráveituvatn frá slíkum hreinsistöðvum innihalda bakteríumengað vatn skv. mælingum heilbrigðiseftirlits og því er full þörf á að leggja siturlagnir við þær en í þeim fer fram bakteríuniðurbrot. Oftar en ekki er búnaðurinn auglýstur að það þurfi ekki neinar siturlagnir eða að ekki þurfi hefðbundnar siturlagnir, sem er óskilgreint fyrirbæri. Það er mikilvægt að þeir aðilar sem láta setja niður lífrænar hreinsistöðvar hafi gott aðgengi að þjónustuaðilum enda er um tæknibúnað að ræða sem þarf að viðhalda og sinna svo hann virki rétt.



Reglubundið mengunarvarnaeftirlit er með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í reglugerðinni er krafa um að nýjar starfsleyfisumsóknir séu auglýstar á vef heilbrigðiseftirlits í fjórar vikur og á sama stað á auk þess að auglýsa útgefin starfsleyfi fyrirtækja. Þegar starfsleyfisútgáfu lýkur er útbúin greinargerð þar sem málsmeðferð kemur fram. Hluti fyrirtækja fellur nú undir skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þá ekki þörf á auglýsingu. Það er óþarfa flækjustig í löggjöfinni að það þurfi að auglýsa starfsemi fyrir hefðbundinn atvinnurekstur þegar búið er að grenndarkynna skipulag þar sem gert er ráð fyrir umræddri starfsemi en þetta er lögum samkvæmt og kostar bæði fyrirhöfn og peninga.

Verklag er varðar álímingar á númerslausa bíla, tæki og hluti er að finna á vef eftirlitsins. Þetta felur í sér að notaðir eru tvenns konar límmiðar sem eru límdir á viðkomandi hlut eftir því hvort hann er á bæjarlandi eða einkalandi. Hlutur sem er á bæjarlandi fær rauðan miða og gefinn er frestur til úrbóta en á einkalandi er límdur appelsínugulur miði og viðkomandi eigandi er jafnframt upplýstur um að heilbrigðiseftirlitið hyggist taka málið til meðferðar og gefinn frestur til að andmæla. Ef niðurstaðan er að taka málið til meðferðar er límdur rauður miði og gefinn frestur til að fjarlægja hlutinn. Eftir þann tíma er haft sambandi við flutningafyrirtæki og hluturinn fjarlægður á kostnað eiganda. Þar sem embættið hefur verið undir mannað um nokkuð langan tíma hefur ekki verið unnt að fara í þessi mál að þeim krafti sem væri æskilegt en það horfir vonandi til bóta. Til upplýsinga er bent á að hjá sumum eftirlitssvæðum er starfandi sérstakur starfsmaður sem sér eingöngu um eftirlit með hreinsun lóða og væri hægt að koma slíku í kring ef áhugi er á hjá sveitarfélögum að kosta slíkan starfskraft þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur allar þær heimildir sem þarf til að ganga í þessi mál.



Kvörtun barst um að fiskiúrgangi væri ekið í fjöru á Ólafsvík með tilheyrandi sóðaskap frá tilteknu fyrirtæki og kom fram að þetta hefði verið gert árum saman. Farið var á staðinn og staðfest að talsvert magn af fiskúrgangi var í fjörunni. Haft var samband við fyrirtækið sem bar af sér sakir. Lögregla var upplýst um málið og beðin að hafa augun hjá sér þar sem um ólöglegt hátterni er að ræða.

Sýnataka á Langasandi

Heilbrigðiseftirlitið sá um sýnatökur á sjósýnum á Langasandi á Akranesi fyrir Akraneskaupstað skv. samningi. Sýnin voru tekin yfir tímabilið maí til október eins og sl. 11 ár. Niðurstöður rannsókna sýna litla saurgerlamengun og stenst Langisandur kröfur sem gerðar eru til umhverfissvottunar Bláfánans.

Hvalreki

Árið 2023 bárust tvisvar sinnum tilkynningar frá lögreglu/Umhverfisstofnun um hvalreka. Samkvæmt verklagsreglum frá árinu 2005 um aðkomu opinberra aðila þegar hvali rekur á land, þá er aðkoma heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrst og fremst að tryggja að umhverfi mengist ekki og leggja til aðgerðir ef þörf er á.


Loftgæði

Mælingar á loftgæðum eru gagnlegar til að safna upplýsingum um stöðu málaflokksins og mikilvægar til ábyrgðar ákvarðanatöku og skipulags og til að kanna losun frá fyrirtækjum. Heilbrigðiseftirlitið mælir ekki sjálft loftgæði en nokkrar mælistöðvar eru á starfssvæðinu í tengslum við rekstur stóriðju á Grundartanga. Um niðurstöður þeirra mælinga er vísað í umhverfisskýrslur stóriðjunnar sem gefnar eru út árlega. Heilbrigðiseftirlitið hvetur sveitarfélög til að láta mæla loftgæði og láta birta niðurstöður á vefnum www.loftgaedi.is.



FJÁRMÁL

Endurskoðaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2023 var lagður fram á Aðalfundi í mars 2023 og er aðgengilegur á vef eftirlitsins. Rekstrartekjur voru kr. 83.329.666. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru kr. 1.359.568. Rekstrargjöld voru kr. 90.027.215. Rekstarniðurstaða ársins var neikvæð um kr. 5.337.981 sem var í samræmi við áætlun, en eigið fé í árslok skv. efnahagsreikningi var um kr. 21,5 millónir króna. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.



Hlutfallsleg skipting reksturs Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023.



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes
Sími: 431-2750
Netfang: eftirlit@hev.is
www.hev.is